

**Nd.**

### **133. Frumvarp til laga**

um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar, umráða og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds. — Fari fyrsta greiðsla fram árið 1945 og síðan árlega.

2. gr.

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 4 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna, eftir tillögum prestakallaskipunarnefndar og kirkjuráðs.

3. gr.

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hvernar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er greiðslur hefjast, hluta af fé því, er ríkið leggur til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn almenna kirkjusjóð og skiptist jafnt milli nýju sóknanna, eftir að 100000 kr. hafa verið lagðar til fyrirhugaðrar kirkju á Skólavörðuhæð.

4. gr.

Sóknir þær 4, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera 4 prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns. Skulu þessi 4 prestaköll vera sérstakt prófastsdæmi með dómprófasti. Ákveður héraðsfundur þess prófastsdæmis, hvernig skipta skuli tillagi ríkissjóðs til kirkjubygginga milli sóknanna.

5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeypis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknum, einnig undir prestsseturshús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar þegar er sóknarskipun hefir verið ákveðin.

6. gr.

Auk lögmæltra launa skal greiða prestunum 1200 kr. hverjum á ári í húsaleigu-  
styrk, þar til prestsseturshús verða reist.

7. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkur-  
prestakalli, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breyt-  
inguna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta að tilhlutan kirkjumálaráðherra.

Frumvarp þetta, ásamt greinargerð, er samið af prestakallaskipunarnefnd, er skipuð var af kirkjumálaráðherra í júlímánuði 1939, þeim Sigurgeir Sigurðssyni biskup og Friðriki J. Rafnar vígslubiskup. Fer frumvarpið mjög í sömu átt og frum-  
vörp um sama efni, sem legið hafa fyrir Alþingi á undanförunum þingum. Og hafa háðir prestar dómkirkjusafnaðarins, prestastefnan, aðalfundur Prestafélags Íslands, héraðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis og kirkjuráð lýst fylgi sínu við þau frumvörp. Ennfremur hefir almennur kirkjufundur í Reykjavík lýst yfir, að hann teldi brýna nauðsyn á fjölgun presta í höfuðstað landsins. — Biskuparnir taka ennfremur fram í bréfi til ríkisstjórnarinnar 9. febr. þ. á.:

„Við undirritaðir, sem höfum verið skipaðir af kirkjumálaráðherra í nefnd til þess, ásamt próföstum landsins, að endurskoða og gera tillögur um skipun sókna og prestakalla í landinu, leyfum okkur hér með að rita hæstvirtum kirkjumálaráðherra um tillögur okkar viðvíkjandi skipun þessara mála í stærsta söfnuði landsins, Reykjavík.

Eins og kunnugt er, hefir mikið og margt verið rætt um fjölgun presta í Reykja-  
vík á undanförunum árum, og það ekki að ástæðulausu. Dómkirkjusöfnuðurinn telur nú orðið rúm 30000 manns, og eru hér sem stendur starfandi 3 prestar. Að visu er heimild fyrir 4. prestinum (aukapresti), og er að sjálfsögðu ætlunin, að það embætti verði skipað í náinni framtíð. Séra Sigurjón Árnason frá Vestmannaeyjum, sem gegnt hefir þessu embætti, hefir nú sagt því lausu fyrir skömmu, og hefir sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins þegar gert tillögur um að kalla mann í hans stað, eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt um. Dómkirkjan var á sinum tíma byggð með það fyrir augum, að hún gæti rúmað 900 manns. — Nú munu vera, eins og áður er sagt, rúm 30000 manns, sem eiga sókn til þessarar kirkju, og þarf því ekki að orðlengja um kirkjubörfina. Þess munu dæmi erlendis, að í álika stórum bæjum og Reykjavík séu 10—12 kirkjur, og sumar þeirra allstórar. Víða þykir horfa til vandræða, ef einn prestur hefir um 5000 manns eða meira að þjóna í bæjum og borgum. Og sumstaðar, t. d. í Svihjóð, er í borgum gert ráð fyrir 3000 manns handa hverjum einstökum presti að þjóna. Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að prestum verði fjölgað í Reykja-  
vík, og að það mál þoli enga bið. Teljum við, að það sé mjög mikilvægt fyrir þjóðina, að presturinn geti verið kunnugur heimilunum og fylgzt með einstaklingunum, og þó sérstaklega æskulýðnum; að hann hafi aðstöðu til þess að starfa fyrir hann og með honum að hugðarmálum æskunnar. Í Reykjavík getur ekki verið um slíkt að ræða, ef þar eru færri en 6—8 prestar, eins og nú standa sakir. — Þótt prestar yrðu hér svo margir, yrðu hér eigi að síður mannflestar sóknir í þessu landi, að einu prestakalli undanteknu, þ. e. a. s. Akureyri. Við teljum, að sanngjarnara væri, að prestum yrði eitthvað fækkað úti um byggðir landsins, og munum við taka fullt til-  
lit til þess við það verk, sem við eigum fyrir höndum í prestakallaskipunarmálunum, ef ríkisstjórn og Alþingi færu að tillögum okkar um skipun þessara mála í Reykja-  
vík. — Það gefur að skilja, að prestarnir verða að færast til eftir því, sem fólkinu

fjölgar og fækkar á hinum ýmsu stöðum. Við gerum ekki ráð fyrir því, ef farið verður að tillögum okkar um sókna- og prestakallaskipun, að af því leiði ný útgjöld fyrir ríkið. Þvert á móti getum við fullyrt, að niðurstaðan yrði sú, að af því leiddi, að útgjöldin úr ríkissjóði lækkuðu til kirkjumála, þó að kjör núverandi presta yrðu bætt allmikið, jafnframt sem þeim yrði fengið stærra verkefni í hendur. Í frumvarpi því til laga um fjölgun prestakalla í Reykjavík, sem fylgir hér með, leggjum við til, að hver af prestum höfuðstaðarins fái 1200 kr. á ári í húsaleigustyrk, þar til hægt verður að byggja hér prestsseturshús lögum samkvæmt.

Greinargerð frumvarpsins lýsir því, hvernig við hugsum okkur, að verksvið hinna nýju presta skiptust. Ætlumst við til þess, að þeir hefji þegar starf sitt í hinum nýju prestaköllum, er kosning hefir farið fram. Að þeir, í samráði við hinar nýju sóknarnefndir og söfnuði, hagi guðsþjónustum eins og haganlegast er, og eins safnaðarstarfinu yfirleitt.

Um afhendingu dómkirkjunnar til safnaðarins viljum við taka það fram, að þótt framlag ríkisins, er frumvarpið gerir ráð fyrir að verði 300000 kr., virðist í fljótu bragði hátt, þá er það vafalaust, þegar alls er gætt, ekki aðeins sanngjarnt, heldur mjög lágt.

Árlegt framlag dómkirkjusafnaðarins mun nú vera nálægt 25000 kr. á ári, og þar sem hámarkslaun presta eru nú 3000 kr., getur ekki talizt ósanngjarnt, að Reykjavík hafi a. m. k. 6 þjónandi presta.

Hið opinbera hefir áreiðanlega ekki haft byrði af dómkirkju landsins, heldur talsverðar tekjur.

Af framanskráðu væntum við, að augljóst sé, að rétt sé að fjölga prestum hér í Reykjavík, þar sem svo stór hluti landsmanna lifir lífi sínu og þar sem meginþorri æskumanna og kvenna landsins dvelur langdvölum. Er það ósk okkar og beiðni til yðar, hæstvirtu kirkjumálaráðherra, að þér hlutist til um, að ríkistjórnin flytji frumvarp það, sem fylgir hér með, á Alþingi, sem nú á að hefjast hinn 15. þ. m.

Erum við sannfærðir um, að þetta, sem við leggjum til, er stór og mikilvægur þáttur í skipun kirkjumála landsins. Frá Reykjavík liggja straumarnir út um landið, illir og góðir, og er okkur ljóst, að mjög miklu skiptir um framtíð kirkju og kristindóms í landi voru, hvernig þessum málum nú verður skipað í Reykjavík.

Í fullu trausti til ríkisstjórnarinnar um skilning á þessu máli og í sannfæringu um, að tillögur okkar verði þjóðinni til heilla og blessunar, nái þær fram að ganga, kveðjum við yður með virðingu.“

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

#### Um 1. gr.

Dómkirkjan, einasta kirkja þjóðkirkjusafnaðar Reykjavíkur, er „landssjóðs-kirkja“, þ. e. eign ríkisins. Fylgja þar sem annarstaðar, þar sem líkt stendur á, þau réttindi, að kirkjueiganda bera allar sóknartekjur kirkjunnar, en jafnframt hvílir sú skylda á kirkjueiganda, að hann sjái um kirkju, eða eins og hér er ástátt, kirkjur, er fullnægi söfnuðinum til guðsþjónustuhalds. — Undan þessari skyldu vill 1. gr. frv. þessa leysa ríkið fyrir fullt og allt með nefndu 30 ára árgjaldi.

#### Um 2. gr.

Eitt af mörgu, sem gerir sóknarskiptingu í Reykjavík mjög aðkallandi, er hinn öri vöxtur bæjarins, svo búast má við, ef ekkert er að gert, að þau kirkjustæði, sem hentugust mega teljast, verði tekin undir aðrar byggingar.

#### Um 3. gr.

Með sóknarskiptingu er greitt fyrir því, að áhugamenn geti beitt sér við fjárföfnun til kirkjubyggingar, hver á sínu afmarkaða svæði, þar sem þörf verður nýrrar kirkju. Enda er þá forustan að sjálfsgöðu komin í hendur sóknarnefndar hverrar sóknar.

Um 4. gr.

Ef dómkirkjusókn næði yfir Vikina, Þingholt, Arnarhól, Laufás, Ásgarð og Sólvelli, væru þar nú búsettir um 11½ þús. þjóðkirkjumenn, og væru því hæfileg 2 prestaköll, er bæði ættu sókn að dómkirkjunni.

Ef kirkja yrði byggð á Skólavörðuhæð, væri Skuggahverfi, Austurhlíð, Tungan, Suðurhlíð hæfileg 2 prestaköll með um 9 þús. þjóðkirkjumenn, nú búsetta á þessu svæði, og ættu bæði sókn að kirkju á Skólavörðuhæð.

Þá yrði Vesturbærinn nýtt prestakall út af fyrir sig og heita mætti Nesprestakall. Næði það yfir Ægissíðu, Bræðraborg, Selland, Eiði, Kaplaskjól, Seltjarnarnes, Grimsstaðaholt, Skildinganes, Bráðræðisholt og Melana, með nálægt 6000 manns.

Óskjuhlíð, Fossvogur, Sogin, Kringlumýri, Ártún, Breiðholt, Laugarnar, Sundin og Rauðarárholt, með nál. 3500—4000 manns, yrðu eitt prestakall með kirkju í Laugarneshverfi.

Þess skal getið, að nöfn á bæjarhverfum eru frá Hagstofu Íslands, eins og manntal hvers hverfis er þaðan fengið.

Skipting þessi miðast við reynslu í erlendum stórborgum, þar sem 3000—4500 manns koma víðast til jafnaðar á prest.

Um 5. gr.

Í samræmi við það, sem hér er á undan sagt, virðist eðlilegt, að kirkjur yrðu í framtíðinni reistar á þessum stöðum:

Stór kirkja á Skólavörðuhæð, minni kirkja í Vesturbænum fyrir Nesprestakall og kirkja í Laugarneshverfi. En fyrst um sinn, þangað til kirkjubyggingar þessar komast í framkvæmd, eins og að ofan er til ætlazt, er gert ráð fyrir, að 2 prestaköllin eigi sókn að dómkirkjunni, en stór kirkja á Skólavörðuhæð verði reist hið fyrsta, og gangi hún fyrir öllu. Þangað til kirkja yrði reist fyrir Nesprestakall yrðu guðsþjónusturnar fyrir vesturbæinn haldnar í kapellu háskólans 1—2 á hverjum helgi-degi, eða fjölga í því skyni guðsþjónustum í dómkirkjunni. Laugarneskirkja er ætlazt til, að reist verði hið fyrsta, að kleift þykir og ástand leyfir.